

AUGLÝSING

112

16. ágúst

um skiptingu landsins í tryggingaumdæmi.

Með bréfi 8. ágúst 1946 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, samkvæmt tilögum tryggingaráðs, að skipting landsins í tryggingaumdæmi, samkv. 11. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar, skuli vera sú, að hvert sýslufélag og hver kaupstaður verði sérstakt tryggingaumdæmi, þar til annað kann að verða ákveðið.

Samkvæmt þessu verða tryggingaumdæmi sem hér segir:

Reykjavík,	Skagafjarðarsýsla,
Hafnarfjörður,	Siglufjörður,
Gullbringusýsla,	Ólafsfjörður,
Kjósarsýsla,	Eyjafjarðarsýsla,
Akranes,	Akureyri,
Borgarfjarðarsýsla,	Suður-Þingeyjarsýsla,
Mýrasýsla,	Norður-Þingeyjarsýsla,
Snæf.- og Hnappadalssýsla,	Norður-Múlasýsla,
Dalasýsla,	Seyðisfjörður,
A.-Barðastrandarsýsla,	Suður-Múlasýsla,
V.-Barðastrandarsýsla,	Neskaupstaður,
V.-Ísafjarðarsýsla,	Austur-Skaftafellssýsla,
Ísafjörður,	Vestur-Skaftafellssýsla,
Norður-Ísafjarðarsýsla,	Rangárvallasýsla,
Strandasýsla,	Vestmannaeyjar,
V.-Húnavatnssýsla,	Árnessýsla.
A.-Húnavatnssýsla,	

Um skipun umboðsmanna og skrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins í umdæmunum verður síðar auglýst.

Tryggingastofnun ríkisins, 16. ágúst 1946.

Haraldur Guðmundsson.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

113

19. júlí

fyrir hreppabúnaðarfélögin undir Eyjafjöllum.

Búnaðarfélögin í Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppum í Rangárvallasýslu, gera á grundvelli laga nr. 7 12. jan. 1945 svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélög: Búnaðarfélag Merkurbæja og Búnaðarfélag Austur-Eyjafjalla.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undan-